



Reglugerð um þjálfara

Þjálfarar:

1. Almenn

- 1.1. Þjálfarar sem starfa á vegum félaga innan HNÍ skulu uppfylla kröfur HNÍ um menntun, réttindi og siðareglur.

2. Réttindi þjálfara

- 2.1. Til að starfa sem þjálfari eða hornamaður á mótum á vegum HNÍ skal viðkomandi:
 - 2.1.1. vera skráður í félag innan vébanda HNÍ,
 - 2.1.2. hafa gild réttindi samkvæmt fræðslukerfi HNÍ og ÍSÍ,
 - 2.1.3. vera samþykktur af HNÍ.

3. Menntun þjálfara

- 3.1. Þjálfaramenntun HNÍ er byggð á fræðslukerfi ÍSÍ, með sérgreinahluta á vegum HNÍ.
- 3.2. Nánari kröfur um menntun, endurnýjun réttinda og þrep eru ákveðnar af fræðslunefnd HNÍ hverju sinni.

4. Siðareglur og agi

- 4.1. Þjálfarar skulu ávallt sýna af sér faglega, hlutlæga og íþróttamannslega hegðun, bæði innan og utan keppni.
- 4.2. Þjálfarar skulu virða regluverk World Boxing, reglur HNÍ og fyrirmæli dómara, mótslækna og umsjónarmanna á mótum.
- 4.3. Brot á reglum þessum, þar með talið brot á regluverki World Boxing í keppni, geta leitt til viðurlaga samkvæmt lögum og reglum HNÍ og meðferðar hjá aganefnd HNÍ.